



Fjarðaálsfréttir

3. árgangur, júní 2010

Skemmtilegt
ævintýri



Sjálfbært
samfélag



Verðmæt
framleiðsla



Efnisyfirlit:

- 3 Flytjum orkuna út
- 4 Alcoa Fjarðaál við Reyðarfjörð
- 5 Vatnajökulspjóðgarður
- 6 Valkyrjurnar í álverinu
- 8 Sjálfbærni verkefni Landsvirkjunar og Alcoa
- 10 Svipmyndir
- 12 Álvíraframleiðsla
- 13 Ný og krefjandi verkefni
- 14 Á ferð og flugi alla tíð
- 15 Norðursprotar skjóta rótum
- 16 Sómastaðir endurbyggðir
- 17 Hugmyndir um kapalverksmiðju
- 17 Álheimar taka til starfa
- 18 Framlag til hjálparstarfs kirkjunnar
- 18 Kersmiðja skapar tugi nýrra starfa
- 19 Fróðleiksmolar Hilmars



Fjarðaálsfréttir

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Erna Indriðadóttir

Vinnsla efnis: Bolli Valgarðsson,
Kristborg Steinsdórsdóttir, Hilmar Sigurbjörnsson

Umsjón með útgáfu: KOM almannatengsl ehf.

Umbrot og hönnun: Kúper Blakk ehf.

Ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Hilmar
Sigurbjörnsson og fleiri.

Forsíðumynd: Snæfell.

Myndina tók Ragnar Eiðsson, starfsmaður Fjarðaáls.

Prentun: Hjá Guðjóni Ó



Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfisvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurta-prentlitir og umhverfisvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal enduruninn eða komið til ábyrgar förgunar.

Flytjum orkuna út



Tómas Már Sigurðsson,
forstjóri Alcoa á Íslandi.

Það hefur löngum verið erfitt verk fyrir okkur Íslendinga að laða að okkur erlenda fjárfestingu. Það á ekki að koma á óvart, við erum lítið land í norðurhöfum, langt frá mörkuðum. Engu að síður hafa nokkur erlend fyrirtæki fjárfest hér og með þeim hætti skapað þúsundir framtíðarstarfa, beint og óbeint, tryggt verðmætar tekjur í erlendum gjaldeyri og keypt orku fallvatna okkar, sem annars rynni óbeisluð á haf út. Það má með sanni segja að jökulvatni hafi verið breytt með orkufrekum iðnaði í öruggar þjóðartekjur.

Þegar Alcoa byggði álverið í Reyðarfirði var ekkert til sparað til að gera það sem best úr garði. Ný og fullkomin framleiðslutækni var innleidd, háleitt markmið sett í öryggismálum og umhverfisvernd auk þess sem vinna í anda sjálbærni varð forgangsmál. Starfsmenn voru hvattir til að láta gott af sér leiða í samfélaginu og tóku áskoruninni. Ótalin eru námskeiðin sem starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa sótt til að mennta sig í öryggismálum, framleiðslustjórnun, teymisvinnu, stefnumótun og viðskiptasiðferði svo fátt eitt sé nefnt. Með hinum erlenda fjárfesti fluttist mikil og verðmæt þekking til Austfjarða og til Íslands. Á álverslóðinni og aðliggjandi hafnarsvæði í Reyðarfirði, starfa um 800 manns. Verðmæti álútflutnings okkar í fyrra nam rúmlega 200 milljónum króna á sólarhring eða 1,4 milljarði króna í viku hverri.

Þjóðin þarf að vinna sig út úr djúpri kreppu og gríðarlegum skuldum. Ein leiðin til að skapa fleiri langtímastörf og traustar útflutningstekjur er að fá erlent fjármagn til atvinnusköpunar á næstu árum. Nú um stundir er þetta auðveldara sagt en gert.

Erlend fyrirtæki eru treg til að fjárfesta hér vegna misvísandi skilaboða, breytinga á fjárfestingasamningum og nýrra skatta svo fátt eitt sé nefnt. Þetta fækir fjárfesta frá Íslandi til annara landa þar sem fyrirtækin byggja upp framleiðslu, skapa störf, kaupa orku og skila miklum tekjum í viðkomandi þjóðarbú.

Hverjar svo sem skoðanir manna kunna að vera á erlendra fjárfestingu er ljóst, að eina leiðin fyrir Íslendinga til að vinna sig út úr kreppunni er að nýta auðlindir þjóðarinnar til sjós og lands, með skynsamlegum hætti.

„Þjóðin þarf að vinna sig út úr djúpri kreppu og gríðarlegum skuldum“

Skynsamleg auðlindanýting skapar hundruð ef ekki þúsundir vel launda framtíðarstarfa. Nú eru um 14 þúsund manns atvinnulaus í kjölfar hrunsins. Er það réttlætanlegt að ekki sé unnið skipulega að því að laða að erlendar fjárfestingar til að skapa störf, auka gjaldeyristekjur og nýta óbeislaða orku landsins?

Það er sameiginleg krafa aðila vinnumarkaðarins að unnið verði samtaka að því að laða að erlent fjármagn, skapa trygg störf fyrir allar vinnandi hendur nú og í framtíðinni og breyta ónýttri orku í tekjur sem við notum sameiginlega til að byggja upp efnahag Íslands að nýju.

Alcoa Fjarðaál við Reyðarfjörð

Framleiðsla og útflutningur

Alcoa Fjarðaál framleiðir um 350.000 tonn af áli til útflutnings á ári. Þetta er hreint gæðaál, álblöndur, sem meðal annars eru notaðar í bifreiða- og flugvélaíðnaði, og álvírar sem meðal annars eru notaðir í háspennustrengi, rafmagnskapla í húsbýggingar og fleira.

Árið 2009 var flutt út ál frá Íslandi fyrir rúmlega 173 milljarða króna, en það svarar til 34,6% af verðmæti alls vöruútflutnings frá landinu. Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi og hlutur þess í heildarvöruútflutningi landsins er um 15%. Ekkert annað fyrirtæki hér á landi flytur út meira vörumagn.

Alcoa Fjarðaál flutti út ál fyrir tæplega 600 milljónir dollara árið 2009, sem svarar til 75 milljarða króna miðað við gengi dollars í desember 2009. Verðmæti útflutnings Alcoa Fjarðaáls árið 2009 nam því rúmlega 1,4 milljörðum króna á viku, eða rúmlega 200 milljónum króna á dag. Um 40% af útflutningstekjum fyrirtækisins verða eftir í landinu.

Um 40% af öllum vöruflutningum frá Íslandi eru flutningar á áli. Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði er önnur stærsta höfn landsins og um hana fara 1,3 milljónir tonna af áli og aðföngum til álframleiðslu á ári.



Samfélagsleg áhrif

Íbúum í Fjarðabyggð fjölgaði úr 3.995 árið 2002 í 4.637 árið 2009, eða um 16%. Meðaltekjur á landsbyggðinni hafa verið hæstar á Austurlandi frá árinu 2002.

Beinar tekjur sveitarfélagsins Fjarðabyggðar af starfsemi Alcoa Fjarðaáls námu um 600 milljónum króna á árinu 2009. Þá greiddi starfsfólk fyrirtækisins um 930 milljónir króna í tekjuskatt og útsvar til ríkis og sveitarfélaga á árinu 2009.

Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa hafa veitt rúmlega 380 milljónum króna í samfélagsstyrki á Íslandi frá árinu 2003 til 2009.

Starfsmenn

Hjá Alcoa Fjarðaáli starfa 480 manns. Um 320 manns til viðbótar starfa við nátengd störf á álverssvæðinu. Alls starfa því þarum 800 manns. Um fjórðungur starfsmanna Fjarðaáls er konur sem er hærra hlutfall en í nokkru öðru álveri Alcoa.

Um 34% starfsmanna eru með háskóla- eða tæknimenntun.

Fjarðaál greiddi 3,6 milljarða króna í laun og launatengd gjöld árið 2009.

Fjarðaál leggur mikla áherslu á öryggi og góðan aðbúnað starfsmanna. Fyrirtækið býður starfsfólki sínu fríar rútuferðir frá öllum þéttbýlisstöðum í nágrenni álversins, heilsugæslu, velferðarþjónustu o.fl.



Aðkeypt þjónusta

Alcoa Fjarðaál keypti vörur og þjónustu á Íslandi fyrir 13 milljarða króna árið 2009.

Auk kaupa á vörum og þjónustu kaupir Fjarðaál um 5.000 gígawattstundir af raforku frá Kárahnjúkavirkjun á ári. Til samanburðar nam rafmagnsnotkun almennra raforkunotenda á Íslandi árið 2009 tæpum 3.560 gígawattstundum.





Frá Vatnajökulsþjóðgarði.

Mikilvægt að styrkja stærsta þjóðgarð í Evrópu

Alcoa á Íslandi hefur veitt samtökunum *Vinum Vatnajökuls* 87 milljóna króna styrk til starfseminnar. Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa á Íslandi tilkynnti stjórn samtakanna um styrkinn og sagði jafnframt að fyrirtækið hefði í hyggju að styrkja þau frekar með framlögum á næstu árum. Þessi fyrsti hluti styrkveitingarinnar nemur 700 þúsund Bandaríkjadöllum.

Samtökin *Vinir Vatnajökuls* voru stofnuð á síðasta ári. Þá hafði undirbúningur staðið um nokkurt skeið en vegna efnahagshrunsins í október 2008 seinkaði formlegri stofnun samtakanna. Þrátt fyrir heimskreppuna og hrun álverðs á heimsmarkaði ákvað Alcoa á Íslandi að standa við gefin fyrirheit um stuðning við Vatnajökulsþjóðgarð, en þegar Alcoa var að hefja starfsemi sína hér á landi í júlí árið 2002, var undirrituð viljayfirlýsing við stjórnvöld þar sem segir meðal annars:

„Alcoa og Landsvirkjun lýsa yfir þeim ásetningi að styðja aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna til að stofna verndarsvæði, svo sem þjóðgarð, í nágrenni við Kárahnjúkavirkjun, en áform af því tagi hafa verið í athugun hjá umhverfisstofnuneytinu. Þótt ákvörðun varðandi umfang og mörk slíks svæðis sé í verkahring ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga, styðja Alcoa og Landsvirkjun hugmyndina í því skyni að stuðla að verndun svæða á borð við Snæfell, öllum hagsmunaaðilum til góða.“

Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands er formaður stjórnar *Vina Vatnajökuls*. Hún segir að rausnarleg fjárveiting Alcoa Fjarðaáls til *Vina Vatnajökuls* veiti samtökunum ómetanlegan stuðning við að rækja hlutverk sitt, sem er að afla fjár til að styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti fræðst um og notið Vatnajökulsþjóðgarðs. „Samtökun-

um ber einnig að styrkja verkefni sem stuðla að samspili Vatnajökulsþjóðgarðs og grenndarsamfélags hans,“ segir Kristín. „*Vinirnir* starfa jafnframt að uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs í samráði við stjórn þjóðgarðsins. Þau beita áhrifum sínum til að efla samkennd um mikilvægi þjóðgarðsins fyrir nærliggjandi byggðir, alla landsmenn og á alþjóðavettvangi.“

Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa á Íslandi segir afar ánægjulegt að veita Vatnajökulsþjóðgarði þennan styrk, enda sé mikilvægt að taka þátt í að opna bæði fyrir Íslendingum og útlendingum þá þjóðargarðsemi sem garðurinn er. „Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem um er að ræða stærsta þjóðgarð í Evrópu sem á eftir að laða að sér ómældan fjölda ferðamanna í framtíðinni,“ bætir hann við.

Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir rúmlega 13 þúsund ferkílómetra lands eða allt frá suðurströndinni norður í Öxarfjörð. Jökulsárgljúfur eru innan þjóðgarðsins. Það voru fulltrúar frá öllum byggðarlögum sem liggja að þjóðgarðinum sem unnu að stofnun *Vina Vatnajökuls*.

Ástæða þess að Alcoa á Íslandi ákvað að veita *Vinum Vatnajökuls* styrkinn, en ekki Vatnajökulsþjóðgarðinum sjálfum, er sú að það er stefna fyrirtækisins að styrkja fyrst og fremst frjáls félagasamtök og/eða sjálfseignarstofnanir. Auk Alcoa hafa önnur fyrirtæki og einstaklingar lagt samtökunum lið.

Fjáröflun til eflingar Vatnajökulsþjóðgarði er meginmarkmið *Vina Vatnajökuls*. Þjóðgarðurinn er einstakur á heimsvísu og innan hans eru margar merkustu náttúruperlur landsins og Evrópu þ.m.t. Allt áhugafólk um náttúruvernd getur gengið í samtökin með því að fara inná slóðina: www.vinirvatnajokuls.is og gerast *Vinir*.

Valkyrjurnar í álverinu

Samtal við fjóra framkvæmdastjóra

Árið 2009 hlaut Alcoa Fjarðaál viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir góðan árangur í jafnréttismálum. Meðal 12 framkvæmdastjóra Fjarðaáls eru fjórar konur, Guðný Björg Hauksdóttir, Erna Indriðadóttir, Ruth Elfarsdóttir og Janne Sigurðsson. Þær hafa kynnst fyrirtækinu frá ýmsum hliðum og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Fjarðaálsfréttir fengu þær til að segja frá sjálfum sér, álverinu, jafnréttismálum, fjölskyldulífi og samfélaginu á Austurlandi.



Guðný Björg Hauksdóttir

Reyðfirðingurinn Guðný Björg Hauksdóttir hóf störf í mannauðsteymi Fjarðaáls 1. janúar 2005. „Hrönn Pétursdóttir, sem þá var framkvæmdastjóri mannauðsmála, bauð mér að velja starf innan teymisins og ég valdi ráðningar. Það var krefjandi verkefni að ætla að ráða á fimmta hundrað manns til starfa hérna fyrir austan á sama tíma og mikil þensla var á vinnu-markaðnum.“

Guðný, sem er stjórn málafræðingur að mennt, varð svo framkvæmdastjóri heilsu- og öryggismála hjá Fjarðaáli í janúar 2009. „Heilsa og öryggi hafa algjöran forgang hjá Alcoa og til að byrja með gat ég ekki ímyndað mér sjálfa mig í þessu hlutverki. Eftir smá umhugsun ákvað ég þó að breyta til og sé ekki eftir því, þar sem starfið er afar skemmtilegt.“



Erna Indriðadóttir

Erna Indriðadóttir sótti um fyrsta starfið sem Alcoa auglýsti á Íslandi, starf skrifstofustjóra fyrirtækisins í Reykjavík. „Ég fékk ekki starfið, en hafði verið mjög lengi í fréttum hjá Ríkisútvarpinu og fannst tímabært að breyta til og nýta betur mastersnámið mitt sem ég hafði sótt til Bandaríkjanna.“

Vorið 2005 bauðst mér starf upplýsinga- og samfélagsfulltrúa Fjarðaáls og eftir stutta umhugsun ákvað ég að slá til og flytja austur. Mér fannst spennandi að taka þátt í að byggja upp öflugt fyrirtæki á landsbyggðinni og áhersla Alcoa á jafnrétti og samfélagsmál heillaði mig alveg sérstaklega.“ Erna er núna framkvæmdastjóri upplýsinga- og samfélagsmála hjá Alcoa á Íslandi.



Janne Sigurðsson

Janne Sigurðsson er dönsk að uppruna og kom fyrst til Íslands árið 1988 til að vinna í fiski á Eskifirði. „Þar kynntist ég manninum mínum og eftir að hafa búið lengi í Danmörku ákvaðum við að flytja „heim“ þegar álverið kom. Ég, Daninn, þurfti að sannfæra eiginmanninn og börnin tvö um að fjölskyldan ætti heima á Íslandi. Ég hafði þá starfað hjá Siemens og taldi mig þekkja ágætlega hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í stórum, alþjóðlegum fyrirtækjum. Mér finnst mjög skemmtilegt að vinna í stóru fyrirtæki, með fjölda spennandi samstarfsmanna víða um heim. Við vorum enn úti í Danmörku þegar ég sótti um starf hjá Fjarðaáli árið 2004. Ég fékk ekki starfið, en við ákvaðum samt að koma heim og níu mánuðum eftir heimkomuna var ég svo ráðin í starf framkvæmdastjóra upplýsingatækni hjá Fjarðaáli, síðan framleiðsluþróunar, þá kerskála og loks framleiðslu. Sennilega hefur forstjóranum fundist ég vera alveg ómöguleg í öllum þessum framkvæmdastjóra-störfum,“ segir Janne og hlær.



Ruth Elfarsdóttir

Ruth Elfarsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri fjármála hjá Fjarðaáli frá 2005. „Mér fannst frábært að fá tækifæri í alþjóðlegu fyrirtæki til að nýta það sem ég hafði lært. Samhliða vinnu við fjármálastjórn hjá Samskipum var ég að ljúka meistaranámi í stjórnun og stefnumótun við Háskóla Íslands. En svo kom í ljós að ég þurfti að læra margt nýtt hjá Alcoa. Þekkingin innan Alcoa er mjög mikil en stuðningurinn við fjármálin hefði mátt vera markvissari. Við höfum þurft að bera okkur eftir þekkingunni og kynnast rétta fólkinu og eitt af því sem ég þurfti að gera var að sækja fund þar sem 120 fjármálastjórar fyrirtækja innan Alcoa voru saman komnir. Flutningurinn austur var hins vegar ekki erfiður, því ég hafði áður starfað hjá Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum. Við hjónin vorum þá með lítinn strák sem við vildum gjarnan að fengi að alast upp hérna fyrir austan.“

„Fundarmenn héldu að við á Íslandi værum brjáluð“



Aðdragandinn og ráðningarátakið

Áður en Guðný kom til Fjarðaáls vann hún hjá verkfræðistofunni Hönnun á Reyðarfirði, sem kom meðal annars að undirbúningi stóriðju á Austurlandi. Guðný minnst þess með hálfgerðum hrolli þegar hún tók á móti fyrstu fulltrúum Alcoa á Reyðarfirði. „Þetta var á sumardaginn fyrsta árið 2002 og veðrið minnti á eitt-hvað allt annað en sumar. Alcoamennirnir horfðu yfir svæðið á Hrauni í hraglandanum, þungir á brún og sögðu ekki orð. Norsk Hydro hafði þá skömmu áður dregið sig út úr Reyðarálsverkefninu og ég var allveg sannfærð um að Alcoamönnunum litist ekkert á þetta dæmi og kæmu aldrei aftur. En sem betur fer reyndust þeir hafa verið hæstánægðir og hlutirnir gerðust mjög hratt eftir þessa fyrstu heimsókn.“

Guðný segir að greinilegur munur hafi verið á allri nálgun Norsk Hydro og Alcoa. „Þegar Norsk Hydro hélt kynningarfund fyrir íbúa á svæðinu var salurinn fullur af körlum og ekki var minnst á að álver gæti verið vinnustaður fyrir konur. Alcoa nálgadist samfélagið úr allt annarri átt og setti af stað svokallað sjálfbærniverkefni og kynnti meðal annars það metnaðarfulla markmið að helmingur starfsmanna Fjarðaáls yrði konur.“

300 konur mættu

Erna minnst þess þó að innan Alcoa hafi ekki allir haft mikla trú á þessu markmiði um jafnt kynjahlutfall. „Skömmu eftir að ég kom til starfa fór ég á fund í New York um kynningarmál Alcoa. Fundarmenn héldu að við á Íslandi værum brjáluð þegar ég sagði þeim að helmingur starfsmanna Fjarðaáls ætti að vera konur. Áhugi kvenna á Austurlandi á störfum í álverinu kom okkur hins vegar skemmtilega á óvart. Við auglýstum sérstakan kynningarfund fyrir konur og vonuðumst til að fá kannski nokkra tugi kvenna á fundinn. Þennan laugardag gerði einhverja mestu rigningu í manna minnum á Austurlandi og við vorum að því komin að fresta fundinum. En viti menn, um 300 konur mættu á fundinn og fóru í rútuferð um álverslóðina í vatnsveðrinu.

Núna eru konur um fjórðungur starfsmanna Fjarðaáls, sem er langhæsta hlutfallið í álverum Alcoa. Markmiðið er eftir sem áður jafnt kynjahlutfall eins og ætti að vera eðlilegt í öllum fyrirtækjum.“

Væntingar og upplifun í gangsetningu

„Það hefur verið gaman að taka þátt í þessu ævintýri, en hættan er sú að maður gleymi sjálfum sér og fjölskyldunni í öllum látunum,“ segir Guðný. Janne og Ruth taka báðar í sama streng. „Ég gerði mér sem betur fer ekki grein fyrir því hve gangsetningin yrði löng og erfið þegar ég réði mig til starfa,“ segir Janne. „Ofan á allt saman komu svo erfiðir tímar bæði á Íslandi og í áliðnaðinum. En samstarfsmennirnir eru gríðarlega metnaðarfullir og hafa alltaf fundið einhvern kraft til að halda áfram og vonandi fer þetta að róast hjá okkur.“ Ruth segir að væntingar um þægilegt fjölskyldulíf hafi ekki enn gengið eftir. „Alcoa er skráð á markaði í Bandaríkjunum og því fylgja mjög strangar kvaðir um fjármál dótturfyrirtækja. Við þurfum að gera upp á fyrsta virka vinnudegi um hver mánaðamót og þar að auki er Alcoa alltaf fyrst bandarískra fyrirtækja til að skila ársfjórðungslegu uppgjöri.“ Erna minnst þess að hafa haldið að álverið yrði gangsett með því að ýta á takka og þá færi það bara í gang, en það reyndist meira mál en svo. „Ég á þrjú uppkomin börn og sá fyrir mér að láta drauminn um rólegt sveitalíf rætast. Ég ætlaði að ganga í kirkjukórinn, kvenfélagið og skrifa bækur á kvöldin. En allt í einu var ég komin á fulla ferð víða um heim að kynna mér starfsemi Alcoa. Reyndin er líka sú að vegna tíamunar innan Alcoa er maður að fá tölvupósta utan úr heimi langt fram á kvöld.“

Góður vinnustaður?

En hefur Fjarðál þá reynst góður vinnustaður fyrir konur? „Já,“ fullyrðir Janne, „en það er ekkert launungarmál að vinnuálagið er enn of mikið hjá öllum starfsmönnum og við leggjum ofuráherslu á að draga úr því. Sum störfin í framleiðslunni eru líkamlega erfið fyrir bæði konur og karla. Við erum að skoða möguleika á sveigjanlegri og fjölskylduvænni vinnutíma. Hins vegar hafa

margar konur staðið sig frábærlega vel og vaxið gríðarlega mikið í starfi. Á kranaverkstæðinu, til dæmis, eru konur meðal okkar bestu iðnaðarmanna. Fyrirtækið er enn í mótun og það tekur mörg ár að byggja það upp.“

Hefur það breytt einhverju að hafa fjórar konur í framkvæmdastjórninni? „Já, ekki spurning,“ segir Guðný. „Þetta snýst ekki bara um að vinna að framgangi kvenna innan fyrirtækisins. Það verður einhvern veginn allt önnur „dínámík“ þegar hópurinn er blandaður. Við bætum hvert annað upp. Til dæmis eru karlarnir í framkvæmdastjórninni næstum allir verkfræði- eða tækni-menntaðir og við konurnar höfum stundum mýkri áherslur. Við höfum bara því miður ekki haft nægan tíma til að vera úti í framleiðslunni með fólkinu okkar, en því ætlum við að breyta.“ Janne bætir því við að íslenskar konur séu sterkari en danskar konur og þori hiklaust að hafa sjálfstæðar skoðanir. „Í Danmörku eiga konur að halda sig á mottunni.“

Austurland tækifæranna

Hefur Fjarðaal staðið undir væntingum samfélagsins almennt? Erna vill meina að væntingar fólks hafi kannski í sumum tilvikum verið óraunhæfar. „Eiginlega má segja að þessi vinnustaður hafi gert kraftaverk fyrir Austurland og það er varla hægt að ímynda sér svæðið án hans. Frá því að framkvæmdir hófust við álverið hefur störfum í sjávarútvegi í Fjarðabyggð fækkað um 300 vegna tæknibreytinga og hagræðingar í vinnslunni. Þetta hefði gerst hvort sem álver hefði verið byggt eða ekki. Þetta verða menn að taka með í reikninginn þegar þeir segja að íbúum hérna hafi fjölgað minna en vonir stóðu til.“

Erna segir að bættar samgöngur séu stóra málið fyrir svæðið í heild sinni. „Ég tel að eitt sameinað sveitarfélag á Mið-Austurlandi væri farsælast.“ Guðný, sem er innfæddur Reyðfirðingur, segist fagna öllum nýjum tækifærum til uppbyggingar í samfélaginu. Undir það tekur Ruth sem segir skólamálin skipta miklu máli. „Skólarnir hér eru til fyrirmyndar en þegar komið er á framhaldsskólastig leita krakkarnir annað, svo að ekki sé talað um háskólastigið.“

Mikilvægt að almenningur þekki sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar



Guðlaug Gísladóttir hjá Þekkingarsetri Þingeyinga.

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, sem hrundið var af stað 2004 þegar framkvæmdir hófust við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls, er á góðum rekspól og nú þegar liggja fyrir fjölmargar mælingar á áhrifum framkvæmdanna. Verkefnið hefur vakið athygli erlendis enda ekki til þess vitað að það eigi sér hliðstæðu í öðrum löndum.

Aundirbúningstíma framkvæmdanna ákváðu Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun að láta framkvæma með reglulegu millibili mælingar, til að fylgjast með áhrifum virkjunar og álvers á efnahag, samfélag og umhverfi. Mælingarnar fara fram með samráði og samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila og fylgst er með mörgum þáttum sem sýna áhrif uppbyggingarinnar, bæði jákvæð og neikvæð.

Spennandi og hagnýtt verkefni

Guðlaug Gísladóttir hjá Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík, sem jafnframt er starfsmaður verkefnisins, segir að mikilvægt sé að allar upplýsingar um áhrif framkvæmdanna liggi fyrir og séu aðgengilegar. „Verkefninu er ekki ætlað að sannfæra neinn heldur að búa til og viðhalda mælikvörðum, sem mæla mismunandi áhrif framkvæmda og starfsemi virkjunar og álvers, á nærsamfélagið.

Þetta er mjög spennandi verkefni vegna þess lærdóms sem við getum dregið af því og unnt verður að nýta í öðrum sambærilegum verkefnum í framtíðinni,“ segir Guðlaug.

Einstakt verkefni

Þegar verkefnið var kynnt á sínum tíma hlaut það mikla athygli erlendis enda ekki vitað um sambærilegt verkefni annars staðar. „Það eru mikil tækifæri sem felast í verkefninu þó að því hafi óneitanlega fylgt nokkrar fæðingarhríðir. Okkur vantar enn nokkrar mælingar, sem ekki hafa verið framkvæmdar af ýmsum ástæðum, en fjölmargar aðrar liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu okkar, sjalfbaerni.is. Við höfum verið að vinna í nýjum vef til þess að gera allar upplýsingar um verkefnið aðgengilegri, en til að þær upplýsingar sem safnað er í sjálfbærniverkefninu nýtist sem best er nauðsynlegt að almenningur, fræðasamfélagið, stjórnmalamenn, fjölmiðlar og aðrir þekki til þess og viti hvar megi nálgast upplýsingar um það,“ segir Guðlaug.

„Fjölmargar upplýsingar liggja fyrir á heimasíðu okkar: sjalfbaerni.is“

Reynslan rædd

Í júní var haldinn fundur með samráðshópi verkefnisins. Áskorun fundarins var að komast að samkomulagi um hverskonar

ferli ætti að styðjast við þegar taka þarf ákvörðun um breytingar í verkefninu, t.d. breytingar á vísu og mælikvörðum. Hátt í 40 manns mættu til fundarins, sem heppnaðist vel í alla staði. Þessa dagana er unnið að samantekt umræðunnar í vinnuhópunum. Auk þess að skilgreina hvaða kröfur gott ferli þurfi að uppfylla, lagði hópurinn til hvernig ferli væri æskilegt þegar taka á ákvörðun um breytingar í verkefninu. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu verkefnisins þegar þær liggja fyrir.

Mælikvarðar Fjarðaáls

Sjálfbærniverkefnið hefur þegar haft margvísleg áhrif. Sem dæmi má nefna hefur Alcoa Fjarðaál frá upphafi starfsemi sinnar tekið mið af ýmsum mælikvörðum, sem þar eru að finna, t.d. við mótun stefnu um mannaráðningar, aldursdreifingu, kynjahlutfall og innkaup svo fátt eitt sé nefnt. Verkefnið hefur einnig haft áhrif á stefnu fyrirtækisins í samfélagsmálum enda er sjálfbærni samnefnari fyrir samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Samfélagsleg virkni starfsfólks

Á heimasíðu sjálfbærniverkefnisins kemur fram að íbúum á Austurlandi fjölgaði í tengslum við framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar og Alcoa vegna starfa sem sköpuðust beint og óbeint vegna framkvæmdanna. Mikilvægt þykir að nýir íbúar aðlagist samfélaginu sem best og hjálpar Fjarðaál til við það ferli með því að hvetja starfsmenn sína til þátttöku í félagsstörfum. Sjálfböðavinna starfsmanna byrjaði ekki að neinu marki fyrr en

árið 2007 þar sem ekki þótti skynsamlegt að auka álag meðan á uppbyggingartíma álversins stæði. Talning á sjálfböðavinnu hófst því ekki fyrr en árið 2007, en það ár sinnti 24,1% starfsmanna Fjarðaáls sjálfböðastarfi í samfélagsverkefnum Alcoa. Árið 2008 var hlutfallið komið upp í 36,9% og á árinu 2009 tóku 42,6% starfsmanna þátt í samfélagsverkefnum.



Meðaltekjur íbúa á Austurlandi

Meðaltekjur íbúa á Austurlandi í samanburði við meðaltekjur á Íslandi í heild. Einnig meðaltekjur hjá Landsvirkjun og Fjarðaáli á sama tíma:

	2005	2006	2007	2008	2009
Ísland	2,9	3,2	3,6	3,9	4,0
Austurland	2,9	3,2	3,5*	3,8*	3,9
Fjarðaál			5,9	6,8	6,5
Fljótsdalsstöð LV			7,3	7,7	7,9**
* Tölur framreiknaðar frá 2005 samkvæmt launavísitölu					
** Tölur framreiknaðar frá 2008 samkvæmt launavísitölu					

Efnahagslegur ávinningur

Efnahagslegur ávinningur til langtíma litið vegna tilkomu Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar er mikilvægur frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunnar. Skiptir þá ekki aðeins máli efnahagslegur ábati fyrirtækjanna heldur einnig ávinningur Austurlands og Íslands í heild. Bygging og rekstur álvers og virkjunar skilar íslensku þjóðarbúi efnahagslegum ábata í gegnum laun starfsmanna, opinber gjöld, sem fyrirtæki greiða, og kaup á aðföngum innanlands.

Efnahagslegur ábati vegna starfsemi Alcoa Fjarðaáls á Íslandi var eftirfarandi:

2007	5 milljarðar króna
2008	18 milljarðar króna
2009	17 milljarðar króna

Efnahagslegur ábati er samanlögð tala heildarlauna, opinberra gjalda og kaupa á vöru og þjónustu á Íslandi.



Undanfarin ár hefur unglingaráð Fjarðabyggðar/Leiknis í samvinnu við Alcoa Fjarðaál staðið fyrir Fjarðaálsmóti í knattspyrnu.

Mótið er haldið í Fjarðabyggðarhöllinni og er fyrir þriðja, fjórða, fimmta og sjötta flokk. Mótið er bæði fyrir stráka og stelpur og er eina flokkamótið fyrir yngri kynslóðina sem haldið er fyrir bæði kynin.

Unglingaráðið fékk sérstaka viðurkenningu í fyrra frá Knattspyrnusambandi Íslands fyrir hversu vel hefur verið staðið að skipulagi og framkvæmd mótsins. Keppendur í ár voru fleiri en nokkru sinni fyrr, eða vel á fimmta hundrað.



Hér er Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, að sýna Norðmanninum Bernt Reitan vítravélina. Bernt hefur fylgt Fjarðaálsverkefninu frá byrjun, en lét nýverið af störfum sem yfirmaður álframleiðsluviðs Alcoa. Reitan hefur starfað í 40 ár í álíðnaðinum og þar af í tíu ár hjá Alcoa.



Á hverju ári heldur Fjarðaál opna íbúafundi þar sem starfsemin er kynnt.

Fjölmenni var á síðasta íbúafundi, sem haldinn var í október.

Meira en 11 þúsund gestir hafa frá upphafi heimsótt álver Fjarðaáls. Í maí kom Grundartangakórinn í heimsókn. Í kórnum eru starfsmenn Járblendiverksmiðjunnar og Norðuráls.

Grundartangakórinn hefur starfað í þrjátíu ár og farið víða um heim í söngferðalög.

Á síðasta ári veittu Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa rúmlega 56 milljónum króna til 65 verkefna á Íslandi.

Á næstu tveimur árum mun Samfélagssjóður Alcoa styrkja björgunarsveitir á Austurlandi um 100.000 Bandaríkjadali eða rúmlega 12 milljónir króna.



Hér jafnhendir Austfjarðatrölilið 2009, Páll Logason, 150 kílóa álkubb. Hjalti Stefánsson myndatökumaður fylgist með. Fjarðaál hefur styrkt keppnina undanfarin ár.



Dagur leikskóla var haldinn 6. febrúar og af því tilefni hengdu leikskólabörnin frá Lyngholti á Reyðarfirði upp eigin listaverk hjá fyrirtækjum víðsvegar um bæinn og þar á meðal í Fjarðaáli.



Undanfarin ár hefur Fjarðaál boðið konum í heimsókn á kvennadaginn, 19. júní.

Viðburðurinn hefur fallið í góðan jarðveg og hafa að jafnaði um hundrað konur heimsótt álverið, þegið veitingar, notið skemmtiatriða og farið í skoðunarferð um svæðið.

Hér sjáum við mæðgurnar Valgerði Vilhelmsdóttur og Völu Ormarsdóttur.

Mikil aukning á framleiðslu verðmætra álvíra



Smári Kristinsson, framkvæmdastjóri málmvinnslu.

Í steypuskála Fjarðaáls við Reyðarfjörð er sérstök verksmiðja, sem framleiðir eingöngu álvíra sem eru mjög verðmæt vara. Þeir fara til viðskiptavina í Noregi, Frakklandi, Finnlandi, Þýskalandi, Belgíu og á Spáni, svo helstu löndin séu nefnd. Vírarnir eru aðallega notaðir í meðal- og háspennna kapla, bæði í loftlínur og jarðstrengi. Einnig má geta þess til gamans að álþráðurinn í 50 evru seðlinum er upprunninn hjá Fjarðaáli.

Smári Kristinsson, framkvæmdastjóri málmvinnslu hjá Fjarðaáli, segir að álvírnum sé vafið á stórar rúllur og séu stærstu rúllurnar 3,5 tonn með um 18 km af vír. „Í víraverksmiðjunni eru 32 starfsmenn á vöktum við framleiðsluna auk þess sem nokkur dagvinnustörf tengjast framleiðslunni á sviði gæðaeftirlits og málmfræði. Þar fyrir utan sinna viðhaldsmenn framleiðsluvélinni, bæði á sjálfum vöktunum og í dagvinnu til að tryggja hnökralausa vinnslu. Þáttur í því er m.a. að stöðva vélina með reglulegu millibili til að yfirfara hana í forvarnskyni,“ segir Smári.

Á síðasta ári nam framleiðsla víraverksmiðjunnar um 12 prósentum af heildarframleiðslu álversins og eru að meðaltali framleidd um 3.500 tonn af álvír í hverjum mánuði. „Í ár stefnum við að því að framleiða að meðaltali um 5.500 tonn á mánuði, eða rúmlega 65 þúsund tonn í heild á árinu. Það mun þá svara til um 18 prósentu af heildarframleiðslu álversins,“ segir Smári. Hann segir að stefnt sé að því að auka þetta hlutfall enn frekar á næstu árum.

**Álþráðurinn í
50 evru
seðlinum er
upprunninn hjá
Fjarðaáli**



Gaman að takast á við ný og krefjandi verkefni

Magnús Þór Ásmundsson er framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar hjá Fjarðaáli. Hann er 47 ára gamall Reykvíkingur, alinn upp í Hlíðunum, sem á uppvaxtarárunum voru í borgarjaðrinum, án Kringlu-mýrarbrautar, Borgarleikhússins og annarra núverandi kennileita. Leiksvæðið var mýrin, þar sem Kringlan er nú, og Öskjuhlíðin. Þar voru heitavatnstankarnir miðdepill „verklegra framkvæmda“ þar sem ungir piltar hlutu manndómsvígslna með því að klifra uppá tankana og stökkva á milli þeirra. „Ég er Valsari,“ segir Magnús, „og spilaði bæði fótbolta og körfubolta með Val og ólst nánast upp á Hlíðarenda.“

Að loknum grunnskóla lá leið Magnúsar í Menntaskólann við Hamrahlíð, þaðan sem nýstúdentinn hélt til kennslu á Akranesi. „Ég fór að kenna íslensku, dönsku og stærðfræði í unglingadeild. Það vantaði oft kennara út á land á þessum árum. Þar kenndi ég m.a. verðandi eiginkonu minni, Soffíu Brandsdóttur, en tek fram að við tókum ekki saman þá.“ Síðar innritaðist Magnús í nám í verkfræði við Háskóla Íslands. Eftir að leiðir hans og Soffíu lágu saman á ný fluttu þau til Danmerkur, þar sem Magnús fór í masters-nám í rafmagnsverkfræði og Soffía í snyrtifræði. „Við kunnum mjög vel við okkur í Danmörku. Það er þægilegt fyrir Íslendinga að búa í Danmörku, þar er fjölskylduvænt og gott að vera. Við bjuggum á Norður-Sjálandi og hefðum vel getað hugsað okkur að vera lengur en ég var kominn með vinnu heima áður en ég kláraði námið.“

Í 19 ár hjá Marel

Magnús hóf störf hjá Marel að loknu námi í Danmörku og starfaði þar í níttán ár eða þar til hann gekk til liðs við Fjarðaál í júní á síðasta ári. „Marel er fyrirtæki í fararbroddi á alþjóðavísu á sviði þróunar og framleiðslu á háteknilegum matvinnsluferfum, en var mjög lítið fyrirtæki þegar ég byrjaði þar. Það var mikið ævintýri að taka þátt í uppveiti þess.“ Magnús vann fyrstu árin við vöruþróun, við þróun á tækjum til flokkunar á fiski og kjöti. Síðustu tíu árin

annaðist Magnús framleiðslustjórnun, fyrst sem framkvæmdastjóri framleiðslu á Íslandi og síðan einnig yfir framleiðslueiningum Marel í Danmörku, Englandi og Slóvakíu. „Ég ferðaðist mikið á þessum árum, eyddi m.a. miklum tíma í Slóvakíu þar sem við byggðum upp framleiðslueiningu frá grunni.“

Áliðnaðurinn er framtíðariðnaður

Magnús og Soffía eru nú sest að á Egilsstöðum. Þau eiga þrjú börn, Sunnu Mariu, 24 ára, Ásmund Hrafn, 13 ára, og Sveinbjörn Fróða, 6 ára. Sunna María er að klára viðskiptalögfræði á Bifröst, en synirnir eru í Grunnskóla Egilsstaða og eru að sjálfsögðu gengnir til liðs við Íþróttafélagið Hött. Magnús er afar spenntur yfir þeim nýju og krefjandi verkefnum sem blasa við hjá Fjarðaáli. „Mér finnst mjög gaman að takast á við þau enda fannst mér þetta strax mjög spennandi tækifæri, m.a. vegna þess bakgrunns sem ég bý að. Síðan vorum við hjónin líka tilbúin til að breyta til og fara út á land. Ég var búinn að fylgjast vel með verkefninu, enda ekki annað hægt. Mér finnst mikill metnaður ríkja innan fyrirtækisins og það er gaman að fá að koma inn í áliðnaðinn sem er framtíðariðnaður.“

Margt líkt

Magnús segir margt líkt með Marel og Fjarðaáli enda þótt starfsemi þeirra sé gjörólík. „Skipulagið er að mörgu leyti svipað og hjá Marel. Í báðum fyrirtækjunum er opinn og flatur stjórnunarstrúktúr, ferlaskipulag sem byggist á teymisvinnu og þátttöku alls starfsfólks. Munurinn sem ég finn kannski helst fyrir er að fyrirtækið er ungt og fyrirtækisbragurinn innan þess á eftir að þroskast. Það er líka mjög spennandi, að koma inn í þannig umhverfi og fá að taka þátt í mótun þess og uppbyggingu. Hér stefna allir að því að bæta sig og búa til fyrirmyndarfyrirtæki. Mér finnst áherslan á jafnréttismálin einnig aðdáunarverð. Ég er mikill áhugamaður um menntamál og vil sjá veg verk- og tæknimenntunar fyrir alla sem mestan. Ég vil sjá fleiri stelpur í



Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar.

iðn- og tæknigreinum og því finnst mér sú áhersla að leggja svo mikið upp úr því að skapa spennandi vinnustað jafnt fyrir bæði kynin frábær,“ en Magnús situr einnmitt í stjórn Tækniskólans, skóla atvinnulífsins. Hann gegnir jafnframt formennsku í Starfsgreinaráði í málm-, véltækni og framleiðslugreinum.

Unir sér vel í góðra vina hópi

Magnús er mikill áhugamaður um íþróttir og útivist. „Við byrjuðum að fara á skíði aftur fyrir þremur árum og höfum farið í skíðaferðir bæði innanlands og utan. Skíði eru skemmtilegt fjölskyldusport. Ég spila einnig golf og stunda stangveiði. Ég verð þó að taka fram að ég er alger amatör á þessum sviðum.“ Fjölskyldan á sumarbústað í Húsafelli sem hún er dugleg að nota. „Við erum búin að eiga bústaðinn í fjögur ár og þar er gott að vera. Þaðan er stutt upp á hálendi, við förum í góða göngutúra og yfirleitt er húsið fullt út úr dyrum.“ Fjölskylda og vinahópur Magnúsar er stór og Soffía er einnig úr stórum systkinahópi. „Við hittumst oft, eldum og gerum eitthvað skemmtilegt saman. Það er samveran með fjölskyldunni og börnum sem er svo mikilvæg. Stundum er talað um gæðin fram yfir magnið varðandi samveru með börnunum en ég held að ekki ætti að vanmeta magnið,“ segir Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar hjá Fjarðaáli.



Sómastaðir við Reyðarfjörð endurbyggðir

Framkvæmdum við endurgerð Sómastaða við Reyðarfjörð er lokið, en samfélagssjóður Alcoa styrkti framkvæmdirnar með 16 milljón króna framlagi. Sómastaðir eru meðal merkustu húsa landsins. Sérstaða þess er sú að útveggirnir eru úr lítt tilhöggnu grágrýti sem bundið var saman með jökulleir. Nú hefur verið múrað milli steina í hleðslunni til að húsið varðveitist sem best. Á vef Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að ekki munu varðveitt önnur dæmi um þessa tækni í byggingum hér á landi. Húsið, sem byggt var 1875 af Hans Jakob Beck útvegsbónda, er auk þess eina portbyggða steinhúsið sem varðveitt hefur hér á landi.

Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og upplýsingamála Fjarðaáls, segir að einstaklega vel hafi tekist til um verkefnið. „Það hefur verið sérstaklega skemmtilegt að

sjá hvernig húsið hefur breyst í lítinn gullmola í meðförum þeirra sérfræðinga, sem komu að endurbyggingu þess.“ Erna segir að allir, sem hlut eiga að máli, geti verið stoltir af afrakstrinum. Húsið sé afar fallett og vandað hafi verið til allra verka.

Við álverið

Sómastaðir eru í næsta nágrenni við álver Fjarðaáls. Þegar framkvæmdir hófust var búið svo um hnútana að húsið skemmdist ekki af völdum titrings frá umferð þegar framkvæmdir stóðu sem hæst á álverslóðinni en þjóðvegurinn lá áður nánast meðfram húsinu.

Lítið en vel nýtt

Húsið er rúmlega 37 fermetrar og hlóð Hans Jakob húsið úr ótilhöggnu grjóti úr nágrenninu og þjappaði á milli með jökul-

leir. Undir húsinu er kjallari og nýtanlegt pláss í portbyggðu risinu. Eikarstokkar eru yfir gluggum og er efri hluti gaflveggjanna úr timbri með listapili. Efri hluti gaflveggja, sem mynda þríhyrning, var áður fyrr gjarnan nefndur bjór. Hans Jakob var tvíkvæntur 23 barna faðir. Meðal ættingja hans voru Þórólfur Beck, skipstjóri, og Sigríður Beck, móðir séra Jakobs Jónssonar og Eysteins Jónssonar ráðherra.

Í vörslu Þjóðminjasafns

Sómastaðir eru í vörslu Þjóðminjasafns Íslands og eru hluti húsasafns þess. Alls á safnið um fimmtíu hús og eru mörg hver staðsett á landsbyggðinni. Minjasafn Austurlands og Safnastofnun Fjarðabyggðar hafa umsjón með húsinu f.h. Þjóðminjasafns og er stefnt að því að opna þar litla sýningu í sumar.



Myndir inni: Þjóðminjasafn Íslands

Hugmyndir um kapalverksmiðju á Seyðisfirði

Nýstofnað einkahlutafélag á Seyðisfirði, Álkaplar ehf., áætlað að reisa verksmiðju í bæjarfélaginu og hefja þar framleiðslu á rafmagnsköplum úr áli frá Fjarðaáli sýni arðsemisrannsóknir jákvæða niðurstöðu. Verið er að ræða við erlenda samstarfsaðila um aðkomu að verkefninu. Gangi verkefnið upp skapast 30-50 ný störf á Seyðisfirði.

Ormarr Örlygsson hjá Þróunarfélagi Austurlands er eigendum hins nýstofnaða fyrirtækis á Seyðisfirði innanhandar við þróun hugmyndarinnar, en hann er fyrrverandi starfsmaður hjá Alcoa Fjarðaáli. Ormarr segir að hugmyndin hafi til þessa fengið jákvæðar undirtektir hjá erlendum fagfjárfestum, en ekki sé hægt að fullyrða frekar um fýsileika verkefnisins fyrr en niðurstaða arðsemisútreikninga liggi fyrir. Hann segir þó að mikill áhugi sé á því að framleiða vörur úr áli hér á landi.



Ormarr Örlygsson hjá Þróunarfélagi Austurlands.

„Hugmyndin er að fá álvír frá Alcoa Fjarðaáli, sem fyrirtækið framleiðir í vaxandi mæli, og vinna úr honum rafleiðara af ýmsum gerðum. Ef af verður þarf að reisa stórt iðnaðarhúsnæði undir starfseminu,“ segir Ormarr Örlygsson.



Álheimar taka til starfa á Reyðarfirði

Fræðasetur tekur til starfa á Reyðarfirði í sumar, þar sem frumkvöðlar fá aðstöðu til að vinna frekar að hugmyndum sínum um fullvinnslu áls frá íslenska áliðnaðinum. Að hugmyndinni standa Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, álframleiðendur og Þróunarfélag Austurlands. Fræðasetrið, sem gengur undir nafninu Álheimar, hefur fengið inni hjá stéttarfélaginu Afli á Reyðarfirði, sem lánar aðstöðu til fimm ára án endurgjalds.

Mikill áhugi er á því innanlands að hefja framleiðslu á mismunandi vörum úr áli. Þessi þróun er þegar hafin hér á landi því hjá Alcoa Fjarðaáli eru nú framleidd rúmlega 50 þúsund tonn af álvír á ári, sem erlendir framleiðendur nota í gerð mið- og háspenntra rafmagnskapla, bæði loftlínur og jarðstrengi auk kapla fyrir húsbýggingar og annan iðnað.



Siggi Kári staddur með úlfalda í Saharaeyðimörkinni.

Á ferð og flugi alla tíð

Sigurður Kári Jónsson, eða Siggi Kári eins og hann er kallaður, er tæpra 37 vetra, Norðfirðingur í húð og hár, fæddur og uppalinn í Neskaupstað. Siggi Kári er ferlasérfræðingur í umhverfisteymi Fjarðaáls.

Við erum tveir bræðurnir, en pabba kynntist ég ekki af viti fyrr en ég var 12 ára gamall, hann var alltaf á sjó. Fyrir okkur var það eðlilegt að hann væri alltaf að heiman, en hann verðlaunaði okkur með gjöfum þegar hann kom úr siglingunum. Kom færandi hendi með Smartís, Macintosh og Fanta í dós, sem og framandi hluti sem aldrei áður höfðu sést á skerinu, eins og loftbyssuna sem hann gaf mér þegar ég var 10 ára. Ég get ekki sagt að hún hafi vakið mikla lukku hjá mömmu en félagarnir urðu grænir af öfund,“ segir Siggi Kári, sem eignaðist í kjölfarið fyrsta alvöru skotvopnið. „Ætli ég hafi ekki verið 15 eða 16 ára þegar ég fékk haglabyssu. Ég varð strax alveg heltekinn af skotveiðinni og ég stunda hana af krafti; rjúpna-, gæsa- og hreindýraveiði. Að auki hef ég flugréttindi á þyrllu og flugvél, stunda köfun, fallhlífa-stökk, mótorkrossakstur, fjallgöngur og ísklifur. Þetta eru allt alveg frábær áhugamál, sem öll tengjast útveru.“

Nóg að gera á slysó

Grunnskólabekkurinn í Neskaupstað taldi í kringum 30 nemendur og heldur Siggi Kári

sambandi við ákveðinn kjarna úr honum enn í dag. „Við vorum ekki boltastrákar, heldur gengum í björgunarsveitina og vorum á mótörhjólum. Frændi minn, Reynir Zoega sem einnig starfar hjá Fjarðaáli, kveikti áhuga minn þar. Hann átti skellinöðru sem ég fékk að prófa, en ég var svo lítill að ég náði ekki niður. Hann þurfti að ýta mér af stað og ég að hægja vel niður í bakaleiðinni svo hann gæti gripið mig. Ég keypti mér svo nýjan krossara fyrir fermingarpeningana.“

Álíta mætti að foreldrar Sigga hefðu verið á nálum allt árið um kring en svo segir hann ekki vera. „Þau bönnuðu mér aldrei neitt eða skömmuðu mig. Ég man aðeins einu sinni eftir því að pabbi skammaði mig og sagði: „Jæja Siggi – nú er nóg komið!“ Ég man ekki um hvað málið snérist, en það hefur líklega verið eitthvað skelfilegt. Ég tók þetta mjög nærri mér.“ Ferðirnar á slysó voru fjölmargar. „Ójá, mér skilst að ég hafi beinbrotnað 13 sinnum á þessu tímabili, og það er mjög sterk minning þegar ég sat með reglulegu millibili með handklæði um höfuðið á biðstofunni á spítalanum.“

Þyrlluflugmaður

Að grunnskólanámi loknu lærði Siggi Kári

„Við vorum ekki boltastrákar heldur gengum í björgunarsveitina og vorum á mótörhjólum“

vélvirkjun við Verkmenntaskólann í Neskaupstað og kláraði samninginn hjá Síldarvinnslunni. Hann flutti síðan suður og réðst sem vélvirki til Össurar. Hann tók hluta vélstjórnarnámsins í Iðnskólanum jafnframt því sem hann ákvað að láta þann draum sinn rætast að læra þyrlluflug. „Þyrlluflug hafði alltaf heillað mig. Ég fékk vinnu hjá Þyrlluþjónustunni, þar sem ég var til að byrja með í viðhaldi og ýmsu öðru, en svo tók ég að lokum

einkaflugmannsréttindi á þyrllu hjá eigend anum. Í kjölfarið kláraði ég atvinnuflugmannsréttindin á þyrllu og flugvél í London.“ Að námi loknu hélt Siggi Kári aftur til Þyrlluþjónustunnar heima á Íslandi, þar sem mörg verkefni snéru að þjónustu við kvikmynda- og auglýsingagerðariðnaðinn.

Köfun í Mjóafirði

Óhætt er að segja að Siggi Kári hafi farið öfganna á milli þegar hann lét af störfum hjá Þyrlluþjónustunni og færði starfsvettvang sinn úr 1000 feta hæð, niður í 20-50 metra dýpi undir sjávarmáli. „Já, ég fluttist austur í Mjóafirðir til þess að kafa í tengslum við laxeldið – hafði eftirlit með búrunum og uppsetningu neðansjávarmyndavéla,“ segir ►

► Siggí Kári, sem var aðeins 14 ára þegar hann eignaðist fyrsta blautbúninginn. Fljótlega eftir það fjárfesti hann í öllum tiltækum búnaði og endaði að lokum í atvinnuköfun. „Ég bara byrjaði sjálfur í höfninni heima, en fór á námskeið seinna. Síðar fór ég svo meira út í atvinnuköfun.“

Á snjóbretti í Sahara

Siggí Kári keppti um árabíl í mótorkrossi, einkum í þolakstri, en hefur einnig ferðast á mótörhjólinu erlendis. „Við Eiður Waldorff, vinur minn, fórum eitt sinn til Marokkó, þar sem við hjóluðum m.a. Atlasjöllumum, sem eru á Paris Dakar-slóðum, auk þess sem við þvældumst um Sahara. Þar fórum við m.a. á snjóbretti á sandöldunum, en sú hæsta var 140 metrar. Eftir það prófaði ég snjóbretti hér heima.“

Fallhlífartökk

Leiðin hefur einnig legið til Fallhlífaklúbbs Reyjavíkur. „Ég er ekki sammála því að þetta sé adrenalínsport. Fyrsta stökkið er allt í lagi, þar sem maður veit ekkert út í hvað

maður er að fara. Stökk tvö er hins vegar ferlegt. Þegar maður stendur í hurðinni og reynir að sannfæra sjálfan sig um að það sé í lagi að stökkva, en heilinn segir á móti að svo sé ekki, enda gefur stökk í 13 þúsund feta hæð, frjálst fall í allt að 60 sekúndur. Eftir nokkur stökk er þetta eins og hvert annað sport.“

Lífir hinu fullkomna lífi

Siggí Kári gekk til liðs við Fjarðaál haustið 2006. Hann starfaði þá við köfun í Mjóafirði en þegar upp komu mikil veikindi í laxeldisstofninum, sem gerðu horfur í greininni mjög tvísýnar, ákvað Siggí Kári að sækja um starf umhverfistækni hjá Fjarðaáli. Haustið 2009 tók hann svo við starfi ferlasérfræðings í umhverfisteymi fyrirtækisins. Hann er kvæntur Rögnu Dögg Ólafsdóttur, íþróttافرæðingi og kennara í Neskaupstað. „Við kynntumst vorið 2007. Þá var hún nýkomin heim úr námi í Noregi. Við smullum strax saman og í kaupbæti fékk ég son hennar, Patrek Darra sem er 10 ára í dag. Við byrjuðum fljótlega



Siggí Kári að störfum í álverinu.

að búa, bjuggum til barn, keyptum okkur hús og giftum okkur í hveli. Okkur lá mikið á, en fyrir okkur var þetta það rétta. Dóttir okkar, Ragnhildur Ósk, fæddist svo 17. ágúst 2008 – rétt fyrir gæsavertíð,“ segir veiðimaðurinn glottandi. Siggí er alsæll með lífið og tilveruna og hefur ekki hugsað sér til hreyfings. „Ég flyt ekki frá Neskaupstað, það eru margir sem hugsa staðinn sem blindgötu, en gera sér ekki grein fyrir því að hann er nafli alheimsins. Ég er mjög sáttur í vinnunni, kvæntur sálufélaga mínum og lífi hinu fullkomna lífi.“

Norðursprotar skjóta rótum



Nýsköpunarverkefnið Norðursprotar er meðal verkefna á Íslandi sem Samfélagssjóður Alcoa, Alcoa Foundation í Bandaríkjunum, styrkir. Norðursprotar eru samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Alcoa á Íslandi og Impru Nýsköpunarmiðstöðvar. Markmið þess er að styðja við nýsköpunarhugmyndir einstaklinga í atvinnuleit á Norðausturlandi, sem geta leitt til frekari atvinnutækifæra í landshlutanum.

Framlag samfélagssjóðsins var rúmlega 52 þúsund dollarar sem svarar til tæpra sjö milljóna króna, sem varið er til aðstoðar við gerð viðskiptaáætlana. Verkefnastjórar Impru veita ráðgjöf við

framsetningu og ritun áætlanna og kennarar við viðskipta- og raunvísindadeild HA leggja einnig sitt af mörkum eftir því sem þörf krefur.

Uppbyggjandi verkefni

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, afhenti Þorsteini Gunnarssyni, rektor HA, framlag Samfélagssjóðs Alcoa til Norðursprota í húsakynnum rafverktakafyrirtækisins RAF á Akureyri, sem hóf göngu sína sem sprotafyrirtæki og hefur vaxið og dafnað síðan, m.a. undir handleiðslu Impru.

Framlag til Hjálparstarfs kirkjunnar

Samfélagssjóður Alcoa veitti Hjálparstarfi kirkjunnar tvívegis styrk á síðasta ári, samtals 100 þúsund dollara, en það svarar til rúmlega 12 milljóna króna. Var fyrri styrkurinn afhentur í upphafi árs, en sá síðari skömmu fyrir jól. Við afhendingu framlagsins í desember kom fram í máli Jónasar Þóris Þórissonar, framkvæmda-

stjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, að þörf fyrir aðstoð innanlands hefði þrefaldast frá árinu 2008. Sagði hann framlag Alcoa því koma að góðum notum en prestar landsins fengu það hlutverk að ráðstafa honum til þurfandi bæði fyrir síðustu jól og einnig á þessu ári.

Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri upplýsinga- og samfélagsmála hjá Alcoa á Íslandi, afhenti styrkinn f.h. Alcoa. Sagði hún ánægjulegt fyrir samfélagssjóðinn að geta komið að málefnum Hjálparstarfs kirkjunnar með þessum hætti, þar sem atvinnuleysi meðal landsmanna hefði aldrei verið meira. Hluta fjárhæðarinnar er varið til aðstoðar við fjölskyldur á landsbyggðinni, einkum á Austurlandi.

Á árinu 2009 veitti Samfélagssjóður Alcoa rúmlega 6,5 milljörðum íslenskra króna til samfélagslegra verkefna um allan heim. Að auki lagði starfsfólk Alcoa hönd á plóg, í sjálfböðavinnu, hvert í sínu samfélagi.


Samfélagssjóður Alcoa var stofnaður árið 1952. Hann hefur síðan þá veitt styrki að upphæð um 64 milljarðar króna til samfélagslegra verkefna um allan heim, þar sem fyrirtækið er með starfsstöðvar.



Kersmiðja skapar tugi nýrra starfa

Framkvæmdir við byggingu kersmiðju á álverslóðinni við Reyðarfjörð hefjast í ágústmánuði, en verið er að leggja lokahönd á hönnun hennar og undirbúa útboðsgögn. Um er að ræða byggingu á um fjögur þúsund fermetra húsnæði. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan taki til starfa í ársbyrjun 2012. Allt að 100 manns munu vinna við byggingu kersmiðjunnar.

Óskar Jónsson, verkefnisstjóri hjá Alcoa Fjarðaáli, segir að framkvæmdakostnaður sé áætlaður um fjórir milljarðar króna miðað við gengi Bandaríkjadollars um þessar mundir. Á bilinu tuttugu til áttatíu manns munu starfa þar við endursmíði og fóðrun á kerum álversins, en þau eru 336 talsins.



Þrívíddarteikning af kersmiðjunni.



Hér mun nýja kersmiðjan rísa

Álkerin endursmíðuð

„Kerin verða komin á tíma fyrir endurnýjun á árabílinu 2012 til 2014 og þá má gera ráð fyrir að starfsmannafjöldinn verði mestur í kersmiðjunni. Ker í álverum, sem eru fóðruð innan með múrsteinum, duga að jafnaði í fimm til sex ár. Þá er múrsteinafóðringin brotin uppúr kerunum þannig að skelin er ein eftir og síðan eru þau fóðruð uppá nýtt. Í flestum tilfellum er skelin einnig endursmíðuð,“ segir Óskar, en hvert ker er um 95 tonn að þyngd. Í byrjun næsta árs verður byrjað að taka ker úr rekstri og endurfóðra. Sú vinna mun hefjast í kerskalanum sjálfum, enda verður nýja kersmiðjan þá enn í byggingu.


Alcoa og saga flugsins

Alcoa hefur verið nátengt flugsögunni allt frá fyrsta vélfluginu árið 1903. Eiginleikar áls gerðu vélflug mögulegt. Ál er þrisvar sinnum léttara en stál og hefur mikið tæringarþol. Alcoa hefur þróað drjúgan hluta af þeim álblöndum sem notaðar eru í flugvélum. Alcoa hannar jafnframt og smíðar margvíslega hluti í flugvélar, geimför, hreyfla og gervihnetti. Þróunarstarf Alcoa heldur stöðugt áfram og teygir sig alla leið til mars.



Alcoa er meðal helstu framleiðenda efnis og íhluta í stærstu farþegaþotu heims, Airbus A380, sem flaug í fyrsta skipti sumarið 2005 og getur flutt allt að 800 farþega. Í Airbus A380 eru fleiri nýjungar frá Alcoa en í nokkurri annarri flugvél í sögu fyrirtækisins.


Árið 1942 fékk Howard Hughes það verkefni að hanna risavaxna flugvél sem átti að geta flutt 750 hermenn yfir Atlantshafið. En vegna stríðsins fékk hann ekki ál til að smíða frumgerðina og varð því að notast við timbur. Smíðin dróst á langinn og margir efuðust um að "Spruce Goose" (grenigæsin) gæti flogið. 1. nóvember 1947 tókst Hughes að koma vélinni á loft í fyrsta og eina skiptið. Stríðinu var þá lokið og áform um risasjóflugvél höfðu verið lögð á hilluna.



Howard Hughes fékk uppreisn æru þegar flugfélag hans, TWA, tók hina rennilegu Lockheed Constellation í nokun, skömmu eftir stríðið. Þessi álflugvél var með jafnþrýstibúnað og endurbætt útgáfa af henni gat flutt 66 farþega frá New York beint til Los Angeles. Vélina hafði yfirburði í lofti þar til farþegaþotur komu til sögunnar.



Þátttaka Alcoa í flugiðnaði hófst þegar reiðhjólasmíðirnir Orville og Wilbur Wright leituðu til fyrirtækisins árið 1903. Þeir höfðu þá hannað flugvél en hvergi fundið nógu léttan og öflugan hreyfil til að koma henni á loft.




Wright bræður fengu sjálfmenntaðan furðufugl, Charlie Taylor, til að hanna fyrir sig hreyfil úr áli frá Alcoa. Hreyfillinn vó aðeins 80 kíló en skilaði 13 hestöflum sem var fimm hestöflum meira en bræðurnir höfðu vonast eftir. Saga flugsins hófst svo 17. desember 1903 þegar Orville Wright flaug vélinni í fyrsta skipti, 37 metra, á söndum Kitty Hawk í Norður-Karólínu.



Nýr kafla geimferða hófst þegar geimferjan Columbia fór á loft 1981. Ál er ekki aðeins notað í geimferjurnar, heldur framleiðir Alcoa einnig álpúður í eldsneytið. Farmar geimferjanna eru auk þess að drjúgum hluta úr álblöndum, til dæmis Hubblestjörnusjónaukinn sem hefur opnað okkur nýjar víddir í alheiminum.





Alcoa Fjarðaál

